



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
15. árgangur
Desember 2013

*Eining-Íðja
sendir félagsmönnum sínum og
landsmönnum öllum bestu óskir
um gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða*

Ræðst gegn verkjum



Paratabs®

– Öflugur verkjabani!

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lifrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðalósblóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langavarandi vannæringu. Fordæst skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetylsalicylsýru. Ef hár hiti eða einkenni sykingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðganga og brjóstagjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstagjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lifrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Júlí 2013.

Actavis

Fagmenn á heimavelli

Ásgeir Örn Blöndal hdl.
hóf störf hjá Pacta að
loknu meistaraþrófi í
lögfræði, í júní 2008.

Gunnar Sólnes hrl. hefur
starfað við lögmennsku
síðan 1968 og hjá Pacta
síðan í mars 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson hrl. hefur
starfað hjá Pacta síðan 2004.

Meðal verkefna fyrir einstaklinga eru:

Fjölskyldumál

sifjaréttur, forræðismál, barnavernd

Hjúskaparmál

kaupmálar, sambúðarslit

Húsnæðismál

fasteignakaup, fjöleignahús, leiguréttur

Erfðamál

erfðaréttur, erfðaskrár, dánarbú

Slysamál

slysabætur vegna umferða-, vinnu- og frítímaslysa

Pacta lögmenn hafa nú aukið þjónustu sína á Norðurlandi og opnað starfsstöðvar á Siglufirði, Dalvík og Húsavík þannig að heimamenn eigi styttra að sækja lögmennsþjónustu.

Ólafur Rúnar, Gunnar og Ásgeir Örn eru í öfluglu liði 23 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðiþjónustu og ráðgjöf.

- Hafðu samband við okkur í síma 440 7900 eða á netfangið pacta@pacta.is

Pacta lögmenn · Hafnarstræti 91-95 · Akureyri

PACTA
L Ö G M E N N



Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 -Bréfasími 460 3601
www.ein.is · ein@ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Þýðingar:
Páll Pawel Pálsson, Nicole Kristjánsson,
Patcharee Srikongkaew

Prentvinnsla: Ásprent ehf.

Forsíðumynd:
Morgunroði í Eyjafirði
Mynd: Ásgrímur Örn

Fríðst er að nota efni úr blaðinu, í heild
eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.



Efnisyfirlit

- 6** Breytingar á skrifstofu félagsins á Akureyri
- 6** Desemberuppbót 2013
- 6** Útborgun 20. desember 2013
- 8** Orlofsferðir Einingar-Íðju sumarið 2014
- 9** Fyrirspurn á sveitarfélögin
- 10** Nýtt húsnæði tekið í notkun á Dalvík
- 10** Minnum á félagavefinn
- 10** Lífeyrisgáttin
- 11** Fyrirvaralaus uppsögn
- 12** Kjaraviðræður
- 12** Kjara- og viðhorfskönnun
- 13** Eldri félagsmenn á ferð
- 14** Utanlandsferðin 2013
- 21** Botnaðu nú!
- 22** Jón Hjaltason ritar sögu félagsins
- 23** Andabringur og humar – nammi, nammi, nammi!
- 24** Ferð um suðurland... 2013
- 26** Tvö góð þing voru haldin í október
- 27** Vegleg gjöf til hjálparamtaka í Eyjafirði
- 27** „Stolt af afrekum mínum“
- 28** Jólátré
- 30** Vertu listamaður í lífinu!
- 31** Hefur þú lent í vinnuslysi?
- 32** Fjölsmiðjan á Akureyri
- 34** Virk Starfsendurhæfingarsjóður
- 34** Afsláttarkort AN
- 35** Miscellaneous information
- 36** Róðne informacje
- 38** Vetrarleiga orlofshúsa
- 39** ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ
- 39** Gott að vita
- 40** Jólakrossgátan
- 42** Verðlaunagetraun

*Starfsfólk Enor
óskar félagsmönnum Einingar-Íðju
gleðilegra jóla
og farsæls nýs árs.*



HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

Dálæti sumra á Kofareykta hangikjötinu frá Kjarnafæði virðist engum takmörkunum háð. Það er vissulega skemmtilegt að ljúffengt hangikjötíð öðlist þann virðingarsess sem hér má sjá, en auðvitað nýtur það sín betur á matarborðum landsmanna, þar sem það hefur í áranna rás glatt og satt Íslendinga og skapað sannkallaða hátíðar- og jólastemningu, enda úm sérlega bragðgott hangikjöt að ræða.

Kofareykta hangikjötíð frá Kjarnafæði er sérvalið fyrsta flokks lambakjöt með ljúffengu, ríku og hefðbundnu íslensku reykbragði, verkað og reyktt af kjöttíðnaðarmeisturum fyrirtækisins.



Breytingar á skrifstofu félagsins á Akureyri

- starfssemi félagsins verður á 4. hæð í janúar og febrúar



Fyrir á árinu tók stjórn félagsins ákvörðun um að ráðast í breytingar á skrifstofu Einingar-löjla á Akureyri. M.a. verður skipt um gólf- og loftaefni, bætt við einni skrifstofu, geymslur sameinaðar, salur færður, snyrtingum í sameign breytt og móttakan gerð sýnilegri.

Framkvæmdir munu hefjast á næstu dögum og eiga að vera lokið í lok febrúar 2014. Slíkum framkvæmdum fylgir óhjákvæmilega mikið rask og því mun starfssemi félagsins færast um næstu áramót upp í sal Lionsklúbbsins Hængs, sem er á 4. hæð Alþýðuhússins.

„Þröngt mega sátir sitja,” segir orðtakið, en allir starfs-

menn félagsins á Akureyri verða með aðstöðu í salnum á 4. hæð. VIRK ráðgjafarnir fimm verða reyndar með aðstöðu á öðrum stöðum í húsinu. Tveir ráðgjafar verða hjá Vinnumálastofnun á 2. hæð, tveir verða hjá stéttarfélagunum sem eru á 3. hæð og einn ráðgjafi verður með skrifstofu á 4. hæð Alþýðuhússins.

Í lok október voru opnuð tilboð í breytingarnar. Alls bárust fimm fullgild tilboð frá fimm verktökum, á bilinu 84,6% til 114,5% af kostnaðaráætlun. Lægstbjóðandi var trésmiðjan Ösp sf. og var skrifað undir verksamning við hana um miðjan nóvember.



Að lokinni undirritun. F.v.: Heiðar Rögnvaldsson, sem skrifaði undir fyrir hönd verktakans, Ágúst Hafsteinsson, arkitekt og eftirlitsmaður framkvæmdanna, og Anna Júlísdóttir, varaformaður félagsins.

Desemberuppbót 2013

Eining-löjla minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 52.100, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppbót greidda 1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt

kjarasamningi við launanevnd sveitarfélaga er kr. 80.700, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda í desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sjúkrasjóður og fræðslusjóðir Einingar-löjla

Útborgun 20. desember 2013

Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 20. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári.

Skila þarf gögnum til félagsins í síðasta lagi 18. desember næstkomandi til að ná þessari útborgun. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2014.

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélagum



Init ehf. • Grensásvegi 50 • 108 Reykjavík • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



Framtíðarreikningur vex með barninu

Verðmætt veganesti

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmætt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.



Jólakaupauki!

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 3.000 kr. fylgir falleg peysa.*

* Meðan birgðir endast.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Orlofsferðir Einingar-löðu sumarið 2014

Ítalía

Farið verður til Ítalíu 5. til 16. júní 2014, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns. Flogið verður frá Keflavík til München í Þýskalandi. Þaðan verður ekið til Gardavatns og gist þar í fjórar nætur. Þaðan verða farnar dagsferðir t.d. Limoni og Malescina og til Veróna. Næsti gististaður er við Písa og verður gist þar í fjórar nætur. Þaðan verður farið í dagsferðir til Flórens og til Siena. Síðustu þrjár næturnar verður gist í nágrenni við Milánó, en farið verður um Milánó og nágrenni. Frá Milánó verður síðan flogið til Keflavíkur aðfaranótt 17. júní.

Gist verður í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Leiðsögumaður Harpa Hallgrímsdóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 260.000 á mann miðað við gengi evru 160 kr. Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 35.000.

Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

Akstur: Allur akstur erlendis.

Flug: Keflavík – München / Milánó - Keflavík.

Gisting: 11 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.

Kvöldverðir innifaldir alla dagana erlendis.

Ekki innifalið í verði:

Ferðir og gisting innanlands og sigling á Garda.

Ferðalýsing

Fimmtudagur 5. júní 2014

Flogið frá Keflavík kl. 7:20 til München. Lending um kl. 12:50. Ekið sem leið liggur um Brennerskarð til Gardavatns þar sem gist verður í fjórar nætur.

Föstudagur 6. júní 2014

Farið verður til Riva de Garda, sem er nyrsti bærinn við vatnið, og þaðan farið í siglingu til Limone og Malcesine. Þetta eru skemmtilegir bæir sem gaman er að kynna og skoða. Einnig verður ekið meðfram vatninu, komið við á ýmsum stöðum og farið upp í fjallshlíðar í kláfum.

Laugardagur 7. júní 2014

Farið verður til borgarinnar Verona sem þekktust er fyrir Rómeo og Júlíu og fallegt hringleikahús frá rómverska tím- anum. Margt fleira verður skoðað.

Sunnudagur 8. júní 2014

Frjáls dagur við Garda.

Mánudagur 9. júní 2014

Þá verður haldið suður á bóginn og stefnan tekin á borgina Písa þar sem gist verður í fjórar nætur.

Þriðjudagur 10. júní 2014

Písa verður skoðuð og einnig nánasta nágrenni hennar. Vínbóndi í Toscana verður sóttur heim.

Miðvikudagur 11. Júní 2014

Ekið til borgarinnar Flórens sem er heimsþekkt fyrir listir sínar og feegurð.

Fimmtudagur 12. júní 2014

Heimsækjum höfuðborg Toscana sem heitir Siena og er afar falleg.

Föstudagur 13. júní 2014

Í síðasta áfanga ferðarinnar verður ekið norður á bóginn og gist í nágrenni Milánóborgar sem er þekkt fyrir listir og tísku og margar fallegar byggingar.

Laugardagurinn 14. júní 2014

Milánóborg verður skoðuð en þar er af mörgu að taka, meðal annars verður dómkirkjan sem kennd er við verndardýrling borgarinnar, Ambrósíus, skoðuð ásamt miðborginni.

Sunnudagurinn 15. júní 2014

Frjáls dagur í Milánó

Mánudagurinn 16. júní 2014

Nágrenni Milánó skoðað fram að brottför. Flogið frá Milánó kl. 23:40 til Keflavíkur lent í Keflavík kl. 4:15 og þaðan ekið heim um morguninn.



Austurland- Loðmundarfjörður- Mjóifjörður

Innanlandsferð Einingar-löju verður farin dagana 11. til 14. ágúst 2014. Fyrsta daginn verður farið með allskonar útúrdúrum austur á Egilsstaði. Gist verður að Skipalæk í Fellabæ í þrjár nætur. Dagur 2. Farið verður eins og leið liggur í Loðmundarfjörð og margt skoðað á báðum leiðum. Á þriðja degi verður farið niður í Mjóafjörð og út á Dalatanga. Á fjórða degi verður ekið um Hellisheiði til Vopnafjarðar og þaðan til Þórshafnar og nýja veginn um sléttuna til Húsavíkur og þaðan til Akureyrar.

Fararstjóri verður Björn Snæbjörnsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og leiðsögumaður Inga Rósa Þórðardóttir.

Ferðin kostar 38.000 krónur á mann og innifalið er allur akstur, svefnþokagisting og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nesti sig sjálft.

Óafturkræft staðfestingargjald er 10.000 krónur.

Eins dags ferð

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin þriðjudaginn 24. júní 2014. Farið

verður um Öxnadalshéiði til Sauðárkróks og þar snæddur hádegisverður síðan farið fyrir Skaga og yfir Þverárfjall og síðan eins og leið liggur til Siglufjarðar þar sem drukkið verður kaffi. Að því loknu verður svo haldið til Akureyrar á ný.

Ferðin kostar 5.000 krónur á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofu félagsins á Akureyri, Skipagötu 14, sími 460 3600, frá mánudeginum 6. janúar 2014.

Fyrirspurn á sveitarfélögin

Um miðjan nóvember sendi Eining-löja fyrirspurn á öll sveitarfélög á svæðinu og óskaði eftir upplýsingum hvort áætlað sé í fjárhagsáætlun viðkomandi sveitarfélags að hækka gjaldskrár þess fyrir árið 2014.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar var fyrst til að senda svar en hún samþykkti að endurskoða áformaðar breytingar á þeim þjónustugjaldskrár sem taka áttu gildi 1. janúar nk. og átti að leggja nýjar tillögur fyrir sveitarstjórn á fundi hennar sl. mánudag. Í svarbréfi til félagsins kom fram að með þessari ákvörðun vill sveitarstjórn leggja sitt af mörkum til að sporna við

verðbólgu og auka kaupmátt komandi kjarasamninga. Sveitarstjórn telur að allir verði að bera sameiginlega ábyrgð og vinna saman að því markmiði.

Bæjarráð Fjallabyggðar samþykkti á fundi sínum 26. nóvember sl. að endurskoða áformaðar breytingar á þjónustugjaldskrár sem liggja fyrir í drögum að fjárhagsáætlun 2014. Með þessari ákvörðun vill bæjarráð leggja sitt af mörkum til að sporna við verðbólgu og auka kaupmátt komandi kjarasamninga.

Bæjarráð Akureyrar tók erindið fyrir á fundi sínum og vísaði því til gerðar fjárhagsáætlunar.

Grýtubakkahreppur ætlaði að taka málið upp á fundi sínum sl. mánudag, en blaðið var farið í prentun áður en hann var haldinn og því er ekki vitað um útkomuna. Svalbarðsstrandahreppur mun taka ákvörðun á fundi 10. desember nk.

Félagið fagnar þeim viðbrögðum sem urðu við bréfinu, en þegar blaðið fór í prentun hafði félagið ekki fengið fréttir um að erindið hefði verið tekið fyrir í sveitarstjórnnum Eyjafjarðarsveitar, Hörgársveitar en vonast eftir jákvæðum svörum frá þeim líka þegar erindið verður tekið fyrir.

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Nýtt húsnæði tekið í notkun á Dalvík



Pann 2. desember sl. opnaði skrifstofa félagsins á nýjum stað á Dalvík, nánar tiltekið í Hafnarbraut 5. Fyrir á árinu seldi félagið eign sína í Ráðhúsinu og gekk í kjölfarið frá leigu á Hafnargötunni til næstu 10 ára. Þetta húsnæði er á frábærum stað í bænum, við aðalgötuna, og verður skrifstofan mun sýnilegri en þar sem hún var staðsett í Ráðhúsinu.

Félagið fékk húsnæðið afhent í byrjun september og hefur Tréverk á Dalvík unnið að breytingum á því að undanförunu. Húsnæðið er á einni hæð og er því aðgengi að henni mjög gott, engir stigar sem þvælast fyrir. Á skrifstofunni verða lögmenntir frá Pacta, endurskoðendur frá Enor og ráðgjafar frá Virk einnig með aðstöðu.

Formleg opnun 13. desember

Þó skrifstofan hafi opnað á nýjum stað í byrjun desember þá verður hún formlega opnuð 13. desember nk. á milli kl. 15 og 18. Þá geta allir kíkt á nýju skrifstofuna, fengið sér smá veitingar og hitt starfsmenn félagsins og Virk ráðgjafa. Á svæðinu verða einnig starfsmenn frá Pacta og Enor og er um að gera að forvitnast um þeirra starfssemi í leiðinni.

Þeir sem mæta geta tekið þátt í happdrætti. Það eina sem þarf að gera er að rita nafn sitt og símanúmer á blað og setja blaðið í pott. Úr pottinum verða dregin í lok dags nöfn nokkurra heppinna vinningshafa og verður haft samband við þá strax að drætti loknum. Í verðlaun verða nokkrir skemmtilegir vinningar en hulunni af þeim verður ekki svipt fyrir en 13. desember.

Minnum á félagavefinn

Vert er að minna á félagavef Einingar-löðu sem veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu. Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn Félagavefur sem finna má efst til hægri á heimasíðunni www.ein.is. Þegar komið er inn á félagavefinn í fyrsta sinn þarf að sækja um aðgang, það er gert undir liðnum innskráning. Þar þarf að ýta á hnappinn Sækja um aðgang að vef, slá inn kennitöluna og veflykill verður sendur á lögheimili viðkomandi.

Á vefnum er t.d. hægt að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktasögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa og jafnframt sótt um, bókað og greitt fyrir orlofshús með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins í síma 460 3600 og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.



Lífeyrisgáttin - réttindi í öllum lífeyrissjóðum á einum stað

Í lok október opnuðu lífeyrissjóðirnir, þar á meðal Stapi, aðgang að Lífeyrisgáttinni, sem er ný leið fyrir sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum.

Kári Arnór Kárasen, framkvæmdastjóri Stapa, segir að Lífeyrisgáttin sé bylting hvað upplýsingaöflun varðar. „Nú geta sjóðfélagar séð allar upplýsingar um lífeyrisréttindi sín á sama staðnum. Fram að þessu hefur það verið

talsverð fyrirhöfn, því hver og einn hefur þurft að sækja eldri upplýsingar til þeirra sjóða sem hann hefur greitt í. Auðvitað eru send út yfirlit yfir stöðuna, en yfirlitt bara frá þeim sjóð sem greitt er í hverju sinni. Nú er hægt að sjá heildarmyndina með örfáum klökkum á músina.“

Kári segir að brýn þörf hafi verið á svona vef og bætir við að hann haldi að Ísland sé eina landið í heiminum sem býður upp á þessa þjónustu. „Við um heim er mikið vandamál

fyrir fólk að vita um lífeyrisréttindi sín, t.d. ef það hefur oft skipt um starf.“

Lífeyrisgáttina er að finna á heimasíðu Stapa, www.stapi.is, undir flípanum „vefur sjóðfélaga.“ Á heimasíðu sjóðsins má einnig finna leiðbeiningar sem auðveldar sjóðfélögum að komast inn á sjóðfélagavefinn og nálgast réttindi sín. Í október fengu allir greiðandi sjóðfélagar hjá Stapa sent sjóðfélagayfirlit, en á því var einnig að finna veflykill að sjóðfélagavefnum.



Fyrirvaralaus uppsögn

- hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður, sem rekinn er úr starfi eða sagt upp, geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf. Þeir starfsmenn, sem sagt er upp, eiga að hafa samband við félagið strax sama dag, annars er líklegt að þeir séu að tapa launum í uppsagnarfresti.



Handýfð kerti
í mörgum litum



Ljósakrossar á leiði
fyrir 12v, 24v, 32v og 220v



Gæðarúmföt
Sængurverasett úr
damaski og silkidamaski



Endurvinnsla
Notuð bómullarefni

Tökum á móti slitnum rúmfötum, handklæðum og bolum í verslun okkar. Við framleiðum tuskubagga fyrir verkstæði og fyrirtæki úr efnunum

Kertastubbar og vaxafgangar

Hægt er að skila vaxi og kertastubbum á gámavelli, grenndarstöðvar, Sagaplast ehf, Réttarhvammi og í verslun okkar

Skiltagerð
Leiðaskilti, hurðaskilti og fleira



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur
Furuvellir 1 • 600 Akureyri • Sími: 461 4606

*Veljum íslenskt,
allir vinna*

Opið 8.00-16.00 virka daga



Strandgötu 3 • 600 Akureyri
Sími 440 2370
Fax 440 2380
www.sjova.is



Kjaraviðræður

Lítið var að fréttu af gangi samningaviðræðna við Samtök atvinnulífsins þegar blaðið fór í prentun í síðustu viku. Þó er hægt að segja frá því að samninganefnd SGS samþykkti á fundi sínum þann 21. nóvember sl. að fara í samstarf við önnur landsambönd og félög innan ASÍ um sameiginlegan samning til stutts tíma.

Af öðrum samningum er það að fréttu að búið er að ganga frá viðræðuáætlun við ríkið og verið er að vinna að viðræðuáætlun við Norðurorku, en þessir samningar renna út 1. desember nk. og 31. janúar 2014.

Mikil umræða hefur verið um auglýsingaherferð Samtaka atvinnulífsins þar sem koma fram margar rangfærslur. Á fundi samninganefndar Einingar-löju sem haldinn var mánudaginn 25. nóvember sl. var eftirfarandi ályktun vegna auglýsingaherferðarinnar samþykkt samhljóða og send í kjölfarið til SA og fjölmiðla:

Fjölmarginir fundir hafa verið í samninganefnd félagsins á árinu, þessi mynd er tekin á dagsvinnufundi sem haldinn var í Sveinbjarnagerði þann 27. ágúst sl.

Ályktun

Samninganefnd Einingar-löju tekur heilshugar undir yfirlýsingu samninganefndar Starfsgreinasambands Íslands um að auglýsing Samtaka atvinnulífsins sé ósmekkleik og hrokafull. Þar kemur fram að verðbólga sé launahækkunum hjá almennu launafólki að kenna. Þetta er skrumskæling á sannleikanum.

Það er ekkert minnst á launaskrið þeirra sem hærri hafa launin. Þau eru ákveðin af atvinnurekendum sjálfum.

Það er ekkert minnst á hækkanir á vöruverði, sem eru lagðar á áður en nýir samningar taka gildi.

Það er ekkert minnst á gjaldskrárhækkanir á opinberri þjónustu, sem eru tilkomnar af versnandi stöðu sveitarfélaganna og annarra opinberra stofnana.

Það er engum til framdráttar að kjarasamningaviðræður fari fram í auglýsingatímum fjölmiðla, heldur væri nær að setjast að samningaborði og semja við launafólk um sanngjörn kjör.



Kjara- og viðhorfskönnun

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Capacent framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löju og AFLS starfsgreinafélags. Um er að ræða sambærilega könnun og gerð var fyrir félögin í fyrra og árið 2011. Þátttaka í könnuninni var 55,2% sem er lakara en í fyrra, en þá var mun betri þátttaka en árið 2011. Von er á niðurstöðum síðar í desember, en úrvinnsla hennar stóð enn yfir þegar blaðið fór í prentun. Þegar niðurstöður ársins í ár liggja fyrir verður fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu tveggja ára og sjá hvort miklar breytingar hafa átt sér stað milli ára.

Könnunin fór þannig fram að 3.000 félagsmenn voru valdir handahófskennt úr félagskrám þessara tveggja félaga, 1.500 frá hvoru félagi. Það er áriðandi að fá sem nákvæmastar niðurstöður þegar slík könnun er fram-

kvæmd, helst að fá alla til að svara, svo hægt sé að nýta niðurstöðurnar í þágu þekkingar og til hagsbóta fyrir félagsmenn. Þeirra upplýsingar skipta miklu máli!

Vinningsnúmer

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréfinu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Búið er að draga og voru eftirfarandi númer dregin út:

1. vinningur, kr. 100.000, kom á númerið **EN9SU2TR4**
2. vinningur, kr. 50.000, kom á númerið **ENLESU4HZ**
3. – 6. vinningur, vikuvöl í orlofsíbúðum félaganna (utan jóla- og páska tímabils) á árinu 2014, komu á númerin **AFVMN7RUB, AF832T7PM, ENFXEH683** og

AF4Y5R9GK

Eining-löja óskar vinningshöfum til hamingju.

Eldri félagsmenn á ferð

Hin árlega eins dags ferð fyrir eldri Einingar-
løjufélaga var farin fimmtudaginn 13. júní sl.
Að þessu sinni fóru tæplega 100 félagsmenn í
tveimur rútum austur um Melrakkaslétta til
Raufarhafnar. Þaðan var farið til Þórshafnar og
snæddur hádegisverður. Sumir smökkuðu
hrátt hrefnukjöt sem var í boði á meðan beðið
var eftir matnum. Að hádegisverði loknum var
ekið til Húsavíkur þar sem drukkið var kaffi og
að lokum var ekið aftur til Akureyrar. Auðvitað
var lagið tekið í ferðinni og sá Hildur Petra
Friðriksdóttir, starfsmaður félagsins og ráðgjafi
hjá VIRK, um undirleik á harmonikkú.

Látum myndirnar tala sínu máli.



Leikhúsævintýri í jólapakkann

Gjafabréf í leikhús fyrir fólk á öllum aldri



Sýningar LA eftir áramót:
Gullna hliðið • Lís og Lís
Söngur hrafnanna • Skemmtilegt er myrkrið

Nánari upplýsingar í síma 4 600 200 á netfanginu midasala@leikfelag.is og á www.leikfelag.is

Utanlandsferðin 2013

Dagana 8. til 16. ágúst 2013 ferðaðist fjölmennur hópur Einingar-löjufélaga til Þýskalands. Hanna Dóra Ingadóttir tók að sér að rita ferðasögu og má lesa hana á næstu síðum.

Miðvikudagskvöldið 7. ágúst stóðu tvær smárútur fyrir utan aðalstöðvar Einingar-löju. Bílstjórana þekki ég nú betur af skrifstofustörfum en akstri rútubíla, en þarna voru þeir mættir galvaskir Steini og Bjössi til að ferja sitt fólk til Keflavíkur. Lagt var af stað klukkan tíu frá Akureyri og stefnan tekin á Þýskaland. Það var svolítið þröngt í annarri rútunni svo stoppað var í Varmahlíð og hagrætt í bílunum. Segir nú fátt af ferðum okkar fyrr en í Borgarnesi. Þar var stansað um stund, millitími góður og bílstjórnarnir ánægðir með sig. Ferðalangar réttu úr sér og fengu sér örlítið í svanginn og svo haldið áfram til Keflavíkur. Þessi fyrsti áfangi ferðarinnar gekk afskaplega vel, bílstjórnarnir stóðu sig mjög vel og skiluðu okkur á völinn langt á undan nokkru starfsfólki þar sem við biðum og biðum og biðum. Nei grín, við biðum bara alveg passlega. Það komu nefnilega ekki allir ferðafélagarnir með rútunum að norðan, heldur tándust þeir í hópinn smátt og smátt og voru allir komnir þegar starfsfólkið mætti til innritunar. Mér leist strax vel á hópinn. Þarna var áhugavert fólk sem mig langaði að kynnst.

Allt gekk vel á flugvælinum, sumir lentu í nánari skoðun en aðrir, bara eins og gengur. Við vorum bara fegin því að starfsfólkið var að vinna vinnuna sína og gengum örugg um borð í flugvélin, sem flaug með okkur til Frankfurt, en þar lentum við um kl. 13:00 að



staðartíma. Ég var fegin að sjá að þar biðu Margrét og Sveinn bílstjóri eftir okkur tilbúin í slaginn. Þau hjónin tóku fagnandi á móti okkur og kysstu og föðmuðu bæði konur og karla. Þarna á þessari stundu myndaðist fyrsta tenging hópsins og við gengum glöð inn í rútu sem átti eftir að vera nokkurs konar athvarf fyrir okkur næstu níu daga. Leiðsögumaðurinn var hinsvegar ekki mættur. Hann var jú reyndar mættur að taka á móti okkur, bara í allt annarri borg. Leiðsögumaður hvað! Við gefum henni nú annan séns, henni Hörpu, sem er búin að fylgja okkur um útlönd undanfarin ár og er því líki snillingurinn og elskan.

Þennan fyrsta dag ókum við í rölegheitum eftir hraðbrautinni frá Frankfurt til Köln. Klárlega er þetta nú lygi, því hvergi er ekið í rölegheitum á þýskum hraðbrautum. Það fyrsta sem bar fyrir augu, þegar lagt var af stað, voru skilti

á hæstu byggingum sem báru við himin. SUBWAY, McDONALD'S og KFC. Þetta þekktum við allflest en við vorum ekki beint á leiðinni þangað. Hinsvegar brunuðum við beint út úr borginni, borg peninga og viðskipta, til Kölner sem er ein elsta borg Þýskalands. Þegar við komum á hótelið beið Harpa okkar, brosmild með íslenska fánann á lofti, til að taka á móti okkur. Hún var búin að skila sér og þarna varð annar umgangur af faðmlögum. Fólk kom sér fyrir á hótelinu sem var mjög fínt og svo skoðuðum við nánasta umhverfi. Um kvöldið var grillað í garðinum og borðin hlaðin ýmsu góðgæti.

Annar daginn skoðuðum við Köln sem stendur á bökkum Rínar. Þar búa milljón manns og er borgin stór miðað við að í síðari heimsstyrjöldinni eyðilagðist rúmlega 80% af henni. Þegar við komum inn til borgarinnar og keyrðum yfir eina af brúnum sem liggja yfir Rín blöstu við okkur sérstakar byggingar, svona eins og L á hvolfi. Við fengum síðar skýringu á byggingarstílnum. Þessar byggingar stóðu á gömlu uppskipunarsvæði en þarna höfðu staðið gömul kranahús. Þegar þau voru rifin voru reistar nýjar byggingar sem litu eins út og húsin forðum. Þetta eru miklar glerhallir sem hýsa skrifstofur og dýrustu íbúðir borgarinnar.

Við ætluðum að byrja daginn á því að fara að leiði Jóns Sveinssonar, Nonna. Sveinn bílstjóri (sem hér eftir verður bara kallaður Svenni) spurðist fyrir í afgreiðslu hótelsins hvar og hvernig hann kæmist í kirkjugarðinn. Ung stúlka var í afgreiðslunni og skildi Svein ekki vel, eða þau hvort annað, og benti Svenni þá á Dómkirkjuna, síðan upp til guðs og síðan ofan í jörðina. Þá fölnaði stúlkan. Hann gafst



ekki upp heldur teiknaði líkistu með krossi en þá hvarf stúlkan og síðan hefur ekkert til hennar spurst. Við lögðum hinsvegar af stað í leit okkar að kirkjugarði en þar sem 12 kirkjur eru í Köln var það ekkert einfalt. Það er ekki heldur einfalt að vera á 60 manna rútu að þvælast um miðbæ stórborgar. Spurning var um hvort rútan kæmist undir eina brú, svo var einstefnugata að þvælast fyrir okkur, skilti sem margoft þurfti að bakka fyrir, svo þröngar götur að við keyrðum næstum yfir tærnar á fólki þegar það dró sig inn í húsasund og krossaði sig í bak og fyrir þegar við keyrðum hjá, en að lokum komumst við að leiði Nonna. Kirkjugarðurinn, sem við gengum um, var hreint ótrúlegt listaverk. Það var næstum eins og hvert leiði væri listaverk, en í Þýskalandi er hvert leiði einskonar fjölskyldugrafreit. Leiði Nonna lét þó lítið yfir sér, um er að ræða einskonar grafreit þar sem fjölmargir reglubræður hans eru líka jarðsettir. Við stöldruðum við um stund og vottuðum minningu hans virðingu okkar og héldum síðan ferð okkar áfram.

Nú var stefnan tekin á Dómkirkjuna og á leiðinni þangað sagði Kristinn, maður Hörpu, okkur sögu hennar. Þessi kirkja er stórfengleg. Hún er stærsta kirkja í Evrópu og er hægt að ganga upp í kirkjuturninn, aðeins 532 tröppur.

Þangað fóru fimm úr okkar hópi og blésu ekki úr nös þegar þeir komu niður aftur. Aðrir fóru inn í kirkjuna skoðuðu og upplifðu og báðust fyrir, allt eftir þörfum hvers og eins. Þá var nú réttast að fara að sinna Mammon og drifum við okkur því í verslunarhverfið. Þaðan kom fólkið með misþunga poka og flestir með einhverja. Ein hjón höfðu komið of snemma í rútna úr Dómkirkjunni og fengu skammir fyrir. Því ákváðu þau að koma of seint í rútna úr

verslunarferðinni, en þeim var nú ekki þakkað það neitt sérstaklega.

Þegar komið var heim á hótél fóru sumir gangandi á Afrikumarkað sem var skammt frá hótelinu. Á sama svæði var einnig súkkulaðisafn og þangað fóru allmargir. Þar var einnig stór og mikil súkkulaðibúð og má segja að sumir hafi fengið kast og keypt full mikið af súkkulaði. Um kvöldið var borðað á hótelinu og síðan gengið niður að bökkum Rínar. Þar



*Sendum viðskiptavinum vorum
svo og landsmönnum öllum
hugheilar jóla-
og áramótakveðjur*



NJÓTIÐ AÐVENTUNNAR Í SKÓGINUM

Jólatré, geinar og skreytiefni úr skóginum
Grenitré, og sígrænar plöntur
Ker á leiði og leiðisgreinar





Á leið á rúntinn?

var haldin vínhatóð og voru vínbændur að kynna vínin sín. Var þar margt um manninn og skemmtileg stemming. Það var gaman að kynnast þessari vínhefð, að setjast saman við árbakkann og fá sér smá hvítvín og spjalla saman um stund undir lifandi músík áður en farið var að sofa.

Á þriðja degi ferðarinnar fórum við til Nürburgring til að skoða kappakstursbraut. Við ókum hraðbrautina til að komast þangað, en þetta var svolítið ferðalag. Ég verð nú að segja að Svenna finnst hann eiga heiminn þegar hann er að keyra. Hann gleymdi að beygja út af hraðbrautinni og þá stoppaði hann bara og bakkaði og var ekki vinsæll af öðrum ökomönnum. Harpa tók niður íslenska fánann úr framrúðunni, var ekkert að láta sjá hvaðan við værum, en Svenni hélt áfram för sinni. Það er nú kannski ekki nema von að mönnum fatist þegar þeir eru með þjárf „kjaftakerlingar“ að segja sér til í umferðinni á þýskum hraðbrautum. Það er leiðsögutækið, leiðsögumaðurinn í framsætinu, og svo frúin í fremsta sætinu.

Á leiðinni sagði Kristinn okkur sögur um keppnishringinn Nürburgring, en þar var fyrst keppt árið 1927. Margir fóru í skoðunarferð um kappaksturssvæðið og skipti aldur og kyn þar engu máli. Fólkið fékk að fara út á sjálfa brautina, í fréttamannastúkuna og upp á þak byggingar þar sem sást yfir keppnissvæðið. Ég verð að segja að nánast allar elstu konurnar sem voru með í ferðinni fóru í þessa ferð og höfðu gaman af. Ég dáist að þeim. Við hin ráfuðum um svæðið og sumir fóru í safnið þar sem sögu formúlunnar er gerð góð skil. Bara það að vera á þessu svæði og upplifa bílaíðnaðinn, gljáfægt blikk og króm og kraftinn var alveg sérstök upplifun. Stórt svæði allt í kring um brautina var eitt allsherjar túrbó, tjaldstæði, hjólhýsi, mótorhjól og tún full af gljáfægðum bílum og farartækjum.

Á heimleiðinni stönsuðum við í einum bæ, bara til að rétta úr okkur. Ég man ekki hvað hann heitir, en það skiptir ekki öllu máli. Þarna var hægt að fá kaffi, ís og jarðaber og ódýr fót. Við komum okkur út á hraðbrautina aftur en ekki leið á löngu þar til við vorum stoppuð af lögreglu. Töldum við víst að hún hefði fylgst með okkur bakka á hraðbrautinni fyrr um morguninn. Lögreglan vildi sérstaklega fá að tala við leiðsögumanninn því það þurfti að snúa okkur við vegna þess að það var búið að loka hraðbrautinni. Hörpu var sagt nákvæmlega hvernig við ættum að komast leiðar okkar og átti hún að sjá til þess að bílstjórinn færi ekki að aka eftir „kjaftakerlingunni.“ Svenni ók svo eins og fyrir hann var lagt. Við sungum og Björn sagði brandara. Við komum heim heilu og höldnu og fengum kvöldmat og nætursvefn.

Þá er kominn nýr dagur, sá fjórði, og fyrst á dagskrá var sigling á Rín. Við sigldum í klukkutíma og virtum borgina fyrir okkur. Það helsta

sem blasti við frá ánni er Dómkirkjan, hún er mjög áberandi, óperuhúsið og nýju húsin byggð í kranahússtíl, súkkulaðisafnið og lestarstöðin sem er mikið mannvirki. Lestarstöðin var byggð 1859 og fara um 1.300 lestin þar um á hverjum degi. Á meðan við sátum í bátum og hlustuðum á söguna sá ég lestarrunu fara um lestarbrúna og þar í miðju var gámur merktur EIMSKIP og hugsaði ég „hvaðan kemur þessi gámur og hvert er hann að fara“. Þetta atriði vakti mig til umhugsunar um hversu langt ferðalag er á bak við neysluvörur nútímans. Borgin er tiltölulega flatlend þannig að það sést ekki nema það sem stendur við árbakkann. En það er fallett að sigla þarna um og upplifa hversu mikil samgönguæð áin er. Þarna er þó nokkur skipaumerfð, bæði flutningaprammar og fljótandi hótél. Þegar við komum úr siglingunni settumst við niður í garð og fengum okkur smá hressingu, bjór og fleira sem gott þótti eftir smekk hvers og eins. Svo var gengið í átt að rústoppistöðinni og rútan kom eins



og af hinnum ofan þegar við mættum. Á meðan við biðum eftir að allir kæmu sér fyrir í rútunni virtum við fyrir okkur óperuhúsið. Það lætur frekar lítið yfir sér, svona hálfkúla klædd gummídúk í járnrindarborgum.

Upp úr hádegi var haldið til Düsseldorf sem er höfuðborg Nordrhein-Westfalen og stendur líka við bakka Rínar. Þetta er gömul byggð, síðan löngu fyrir Krist. Düssel þýðir lækur, dorf er þorp þannig að nafnið þýðir þorpið við lækinn en nú búa 600 þúsund manns í borginni. Hún hefur mikil tengsl við Japan og búa þar margir Japanir. Við áttum góðan dag í Düsseldorf. Við fórum öll saman að ánni og gengum inn í miðbæinn þar sem matsölustaðir voru opnir en verslanir lokaðar. Þær eru greinilega lokaðar á sunnudögum. Það var tilkomumikið að sjá allar björbúllurnar meðfram árbakkanum. Þar er bara bar við bar og ekkert bíl á milli. Stundum er þetta kallað lengsti bar í heimi, þegar allt er lagt saman. Þetta var svona afslöppunardagur og fólk naut veðurblíðunnar. Svo var haldið heim í rölegheitum.

Svenna gekk aksturinn vel engin hringtorg og við okum rakleiðis milli áfangastaða og Kristinn sagði sögur. Hlaðborð í kvöldmatnum. Sumir fóru í vínklúbbinn um kvöldið. Milt og gott veður var síðasta kvöldið okkar í Köln. Það var notalegt að sitja við árbakkann þar sem allir



höfðu það huggulegt, bæði samkynhneigðir og gagnkynhneigðir. Sumt sem ég upplifði þarna á Rínarbökkum vakti mig aftur til mikillar umhugsunar, svona álíka og Eimskipsgámurinn áður nefndi, en hér er gott að vera og mín upplifun af borginni er að hún sé frekar örugg og röleg.

Dagur fimm. Nú verða kaflaskil í ferðinni. Við kveðjum stórborgarlífið og drifum okkur í sveitarómantíkina og stefnan tekin á Móseldalinn. Fyrsti áfangastaðurinn er Koblenz. Þessi borg stendur á horninu þar sem Rín og Móseld mætast og er það kallað þýska hornið. Það rigndi á leiðinni en þegar við gengum að horninu og skoðuðum okkur um var gott veður. Þarna eru fáanar allra ríkja Þýskalands, Evrópufáninn og fáni Bandaríkjanna og á hann að minna á 11. september. Þarna er stórkostleg stytta, minnismerki um Vilhelm 1. keisara, 37 metra há og stendur á 14 metra háum stalli. Þegar við höfðum skoðað nægju okkar þar var ákveðið að skoða góða verslunarmiðstöð sem vitað var af og merkar göngugötur með allskyns verslunum, bæði þekktum vöruhúsum og helstu merkjabúðum. Það verslaði ekki nokkur maður þar, minnsta kosti ekki að eigin sögn, en flestir komu með einhverja poka úr þessari ferð. Það kom svo hellidempa þegar við vorum að koma okkur í rútuna og rigndi ögn á okkur á leiðinni til Móseld.

Á leiðinni sagði Harpa okkur frá vínraekt á þessu nyrsta vínraektarhéraði heims. Í upphafi var landi deilt út eftir barnafjölda. Aðal ástæðan fyrir því að hér er hægt að rækta vínber með svona góðum árangri er áin Móseld og heitu fjöllin. Í þeim er sérstakur steinn sem heldur vel í sér hita og lengir þannig hitatímabil og magnar hitann. Hér er aðallega framleitt hvítvín. Risling er algengast en svo flokkast þau niður í Landvín, Bordvín, Kvalitedsvín, Kabinett, Spedlesi og Isvín. Vínviðurinn stendur hér í



„Hæ líti!“



Gleðileg
jól
og happaríkt
nýtt ár

Þökkum viðskiptin



ÁSPRENT



STÍLL



STELL

ÁSPRENT · Glerárgötu 28 · 600 Akureyri · Sími 4 600 700 · asprent@asprent.is · www.asprent.is
STELL · Kaupangi v/Mýrarveg · 600 Akureyri · Sími 4 600 760 · stell@stell.is · www.stell.is
STILL · Öseyri 2 · 603 Akureyri · Sími 4 600 770 · still@still.is · www.still.is

beinum röðum upp um öll fjöll, hér er nefnilega ekkert nema fjöll. Það er varla hægt að tala um undirlendi. Áin hlykkjast um dalinn og við förum ótal sinnum yfir hana. Það rigndi á okkur alla leiðina, Bjössu sagði brandara og fyrr en varði vorum við komin á áfangastað upp á hæð við bæinn Bernkastel-Kues. Það gekk vel að koma öllum í herbergi og borðuðum við öll saman kvöldverð í einu herbergi. Þar var mjög heitt. Þetta var einskonar heilsuhótel og ég var farin að halda að þetta væri partur af prógramminu, svona hita kvöldverður eða svitakvöldverður, en svo var ekki og við pöntuðum að fá að vera úti næstu matmálstíma. Það var auðsött mál. Nú var komin ausandi rigning og þrumur. Fólki búið að koma sér vel fyrir á herbergjum og allir fóru að sofa.

Nú er komin nýr dagur, dagur sex. Stytt hefur upp og eftir góðan morgunmat keyrði Svenni okkur niður í Bernkastel og vorum við þar til hálf þrjú. Flestir byrjuðu að fara með lítilli lest um bæinn. Fyrst um Bernkastel, en hún liggur annarsvegar við ána, og síðan um Kues, sem er á hinum bakkanum og þar upp á hæð. Þar sáum við yfir dalinn og bæina og vorum nánast umvafin vinnvið sem óx allt í kring um okkur. Þarna er mikil fegurð og kyrrð. Við komum svo aftur til bæjarins og sumir versluðu og borðuðu og drukku og nutu þess að vera í þessum fallega bæ með gömlu bindingshúsunum og merkilegt var að sjá merki á sumum húsveggjunum um flóð sem komið hafa í gegnum tíðina.

Seinnipartinn förum við í vinsmökkun til vínbónda, Wolfgang Peter heitir hann. Svenni keyrði að sjálfsgöðu eins langt og hann gat. Ég held að það hafi nú reyndar verið fyrir utan



dyrnar hjá vínbóndanum sem hann stoppaði og ég veit ekki hvernig honum tókst að losna úr þessu öngstræti, en móttökurnar voru frábærar. Peter vínmeistari, lítill stubbur, tók hæverskur á móti okkur. Sumum fannst hann líkjast bónda framan úr Eyjafirði, sem þeir kónnuðust við. Hann framleiddi 10 til 12 tegundir af víni. Allavega gaf hann okkur að smakka níu hvítvínstegundir, eina ljósa rauðvínstegund, eina rósavínstegund og eina rauðvínstegund. Að lokum gaf hann okkur Móselskt/þýskt brennivín. Hann var klár karl og sagði okkur sögu af vínrækt og baráttu sinni við að halda í þá hefð að hver rækti og framleiði sitt vín, en setji ekki í vinsamslag eins og allt stefnir í. Svo fengum við að fara í vínkjallarann hans og sjá trétunnur og smakka beint úr tunnunni. Hann hafði haft íslendinga í vinnu og bar þeim góða sögu. Hann kunni tvö íslensk lög og söng þau fyrir okkur. Mjög vel

gert hjá karli og við sungum svo fyrir hann „Undir bláhimni“ í kveðjuskyni. Það var óvenjulegt sungið í rútunni á heimleiðinni, síðan grillað í garðinum og borðað úti. Kvöldið var rólegt og farið snemma að sofa.

Nú er kominn sjöundi dagur ferðar, sem er miðvikudagur, og komið að verslunarferðinni okkar. Við erum nú eiginlega búin að versla býsna mikið, miklu meira en okkur óraði fyrir. Við erum að fara til Trier, þangað sem norðlenskar konur flyktust í dagsferðir um árið. Hún er elsta borg Þýskalands og er þar mikið af aldagömlum rústum og minjum um fyrri tíð, allt frá rómverjatímabilinu. Þar eru helstar rústir af stærstu Rómversku baðhúsum síðan 150 sem voru endurreist á 4. öld og gerð að hringleikahúsi, en best geymdu menjar frá Rómverjatímabilinu er Svarta hliðið, byggt fyrir 2000 árum. Stærsta borgarhlið sem varðveist hefur frá dögum Rómverja. Við skoðuðum

Bed Breakfast

Keflavík Airport · Iceland

Ertu á leiðinni til eða frá landinu?

Láttu fara vel um þig nóttina fyrir eða eftir flug og gistu hjá okkur.

Aðeins 8.500 kr. fyrir tveggja manna herbergi!

Við geymum bílinn fyrir þig, keyrum þig upp á flugvöll og sækjum þig aftur þér að kostnaðarlausu.

Því ekki að byrja eða enda friði í Bláa Lóninu, aðeins um 15 mín. akstur frá okkur, eða skoða Víkingasafnið, gamla hervöllinn og Reykjanesið?

• Rúmgóð herbergi með gervihnatta-sjónvarpi og baði

• Morgunverður er innifalinn

• Þráðlaus nettenging

www.bbkeflavik.com

Gistihús Keflavíkur · Keflavíkurluguvelli · Valhallarbraut 761 · 235 Reykjanesbæ
Sími 426 5000 · gistihus@internet.is



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Alþýðusamband Íslands



BHP HRINGUR



EYJAFJARDARSVEIT



Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri
Skipagötu 14 • 600 Akureyri • Sími 462 1635 • Fax 461 1694



NORÐLENSKA



Árhíða þjónusta á sviði rafmagns til lands og sjávar



eina kirkju í barokk stíl. Þar var allt þrungið af gulli og marmara og málaðar myndir og freskur um alla kirkju og enn sem fyrr var kirkjugarðurinn eins og í Köln, hvert leiði listaverk. Við keyrðum svo upp á hæðina yfir borginni þaðan sem var gott útsýni. Á bakaleiðinni vorum við hér um bil búin að keyra yfir ref sem var þar á ferð. Nú var komið að verslunarþættinum, við tókum seinnipartinn í það. Í bakaleiðinni ókum við „Vínleiðina“ um Móseldalinn, trúlega hefur verið farið með vínið þessa leið. Við stoppuðum í bæ og gengum að fallegu minnismerki sem er einskonar víkingabátur fullur af vintunnum og körlum, mjög fallegt verk. Gaman að stoppa svona og komast nær sögunni. Komið heim um sex. Þar sem hótelið stendur nokkuð afskekkt var ekki farið neitt út af hótelinu á kvöldin. Við sátum bar saman kynntumst og höfðum gaman.

Fimmtudagur, síðasti ferðadagurinn, og nú á að sigla á Mósél. Þetta var yndisleg ferð, sólskin og 26 stiga hiti og við þurftum bara að njóta. Dalurinn var yndislegur í blíðunni. Um miðja leið þurftum við að fara um skipastiga, enn eitt til að upplifa. Hæðarmunurinn var sex metrar þannig að þegar við sigldum út úr vatnshólfinu vorum við sex metrum neðar en áður. Magnað fyrirbæri og miklar samgöngubætur. Enn sáum við þessar snarbröttu vínvíðarhlíðar, alveg niður að ánni og upp á fjallsbrún og jafnvel engan veg að sjá á svæðinu. Stundum sáum við veg og bara hjólaumferð. Við sigldum til bæjarins Traben Trarbach þar sem Svenni beið eftir okkur á rútunni og héldum við áfram með honum til Cochem. Þar yfir gnæfir mikill kastali frá miðöldum og þangað langaði einhverja að komast. Líka var hægt að fara með stólalýftu upp á topp fjalls, sem gnæfði yfir bæinn og svo var hægt að spóka sig í rölegheitum í þessum fallega bæ, slappa af í góða

veðrinu og borða vínarsnitset sem víða var á boðstólum. Hitinn var nú 30 gráður og sól og klárlega besti dagurinn veðurlega séð. Við hittumst svo á fyrirfram ákveðnum stað. Eins og ævinlega voru allir mættir í tæka tíð og við ókum heim á hótél. Á leiðinni voru sagðar sögur og brandarar og sungið lítið eitt. Allir eru sáttir, öllum líður vel og langar að vera lengur. Borðuðum saman úti eins og við höfum getað gert öll kvöldin á þessum stað. Nutum samvistar en svo fór fólk að ganga frá og pakka og athuga hvort allt kæmist nú í töskurnar.

Heimferðardagur. Það gekk vel að skila sér út af hótelinu. Ein konan hafði nú verslað yfir sig og taskan við það að springa. Það var tekið á það ráð að vigta töskuna og hún var alltof þung en fyrr en varði voru allir búnir að bjóðast til að bera fyrir hana umfram kílóin og búið

að útdeila þeim nánast áður en vandamálið kom upp. Þetta sýnir samheldni hópsins í hnotskurn. Við héldum til Frankfurt og það var nú ekki mikið að gerast á leiðinni, jú auðvitað að njóta útsýnisins úr rútunni eins og við vorum búin að vera að gera síðustu daga. Við gátum setið kyrr á sama stað en samt verið að ferðast og það sá hann Svenni um. Við höfum verið í öruggum höndum og þó við höfum farið aukahring á torgi, eða setið eina ljósaseríu af okkur á gatnamótum og farið einhverja aukakróka þá var það nú bara til að við fengum að sjá meira af borgum og bæjum.

Þegar við komum á flugvöllinn var komið að kveðjustund. Sveinn og Magga urðu eftir í Þýskalandi og Harpa og Kristinn eru að flytja til Noregs og fara beint þangað. Þessu fólk eru færðar hjartans þakkar fyrir að vera með okkur í svo frábærri ferð. Við óskum þeim alls góðs. Allt stóðst varðandi flug og fengum við gott flug og góða heimkomu. Allar töskur skiluðu sér og frúin fékk farangurinn sinn frá vinum sínum sem ferjuðu flíkurnar fyrir hana heim.

Nú skildi leiðir, sumir fóru til Reykjavíkur og aðrir heim með einkabílum. Sumir með Steina og aðrir með Bjössa. Hópurinn leystist í sundur af sínum ósýnilegu böndum. Í Staðarskála breytti Björn um stefnu, tók U-beygju, hann þurfti að fara aftur suður. Þar kvöddum við fararstjóran okkar sem var aldeilis búinn að hjálpa okkur og skemmta. Þá tók Haukur við akstrinum, það kemur alltaf maður í manns stað og gott að eiga hauk í horni. Það var mígandi rigning á norðurleiðinni, fólk hvíldi sig og sumir sváfu en það var bara gott að koma aftur á planið í Skipagötunni eftir góða ferð.

Hafið öll þakkar fyrir frábæra ferð. Ég vona að allir geti einhvern tíman fengið tækifæri til að fara svona ferð.

Hanna Dóra.



Harpa fararstjóri og Svenni bílstjóri.

Botnaðu nú!

Í síðasta sumarblaði félagsins kynnti ritnefnd félagsins til leiks nýjan leik sem kallast „Botnaðu nú!“ Birtir voru nokkrir fyrripartar sem átti að botna. Höfundur fyrripartanna er Anna Dóra Gunnarsdóttir, en hún situr einmitt í ritnefnd félagsins. Í raun voru fyrripartarnir í sumarblaðinu bara smá upphitun fyrir jólablaðið því nú verða veitt verðlaun fyrir besta botninn við hvern fyrripart að mati dómnefndar. Dómnefndina skipa Anna Dóra Gunnarsdóttir, Davíð Hjálmar Haraldsson og Stefán Vilhjálmsson.

Í verðlaun verða fjórar helgarleigur á Illugastöðum að vetri til í orlofs-húsi í eigu félagsins, ein fyrir hvern fyrripart. Að auki verða veitt ein heildarverðlaun fyrir botna við alla fjóra fyrripartana, vikuvöl í orlofshúsi Eininga-löju að eigin vali sumarið 2014.

Félagið hvetur lesendur til að spreyta sig á að botna eftirfarandi fyrriparta og senda inn til félagsins. Athugið! Það þarf að merkja vísurnar með dulnefni, en nafn og símanúmer þurfa að fylgja með í lokuðu umslagi, sem einnig er merkt með sama dulnefni og vísurnar.

Skilafrestur er til kl. 16 miðvikudaginn 8. janúar 2014. Vinningshöfum verða tilkynnt úrslit fyrir lok janúar.

Fyrripartur nr. 1

Ekki er langt síðan sumarið kvaddi. Á meðan það stóð sem hæst, var náttúran í blóma og gróður óx og dafnaði:

*Drapinn vex um dæld og hól,
daggir honum svala,*

Fyrripartur nr. 2

Svo hóf haustið innreið sína. Enn var veðrið nokkuð gott og umfram allt fallett. Þó átti það til að frjósa og snjóa inn á milli:

*Kuldaskóna kalla má
kæra vini fótum á,*

Fyrripartur nr. 3

Um áramót er vinsælt að staldra við, taka stöðuna og heita jafnvel á sjálfa sig og aðra, því að margir vilja taka til í sínum ranni og stinga út stefnu á betra líf:

*Eigðu nú sem aldrei fyr
yndi í þínu hjarta.*

Fyrripartur nr. 4

Svo lengir daginn, kuldaboli linar takið og birtan nær smátt og smátt yfirhöndinni:

*Vorið kemur, vænkast hagur,
veðrið er að skána.*

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- Botnaðu nú
Skipagötu 14
600 Akureyri



Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári



Fjölínsgata 3b / 603 Akureyri / Sími: 461-2911 / utras@utras.is

Eitt kort
36 vötn
6.900 kr
www.veidikortid.is

VEIDIKORTID
2014

Vestmannsvatn
komið á kortið!
Kynnið ykkur sértilboð til félags-
manna á skrifstofu

www.veidikortid.is



Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári



Lónsbakka · 601 Akureyri



Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári



BLIKK- OG
TÆKNIÞJÓNUSTAN ehf.

Kaldbaksgötu 2 · Sími: 462 4017 · www.bogt.is

Jón Hjaltason ritar sögu Einingar-löðu

Síðastliðið sumar skrifuðu Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löðu, og Jón Hjaltason sagnfræðingur undir samning vegna ritunar sögu Einingar-löðu. Jón byrjaði á verkinu í haust en stefnt er á að bókin verði gefin út á fyrri parti ársins 2018.

Á aðalfundi félagsins sem fram fór í apríl var samþykkt af miklum meirihluta fundarmanna að fela stjórn félagsins að láta skrifa sögu verkalýðs/verkalýðsfélaga á félagssvæðinu er standa að Einingu-löðu frá upphafi til vorra daga. Stjórnin ákvað eftir miklar umræður að leita til tveggja sagnfræðinga og varð Jón að lokum fyrir valinu. Jón hefur skrifað og komið að útgáfu fjölda ritverka, þar má m.a. nefna Sögu Akureyrar sem gefin var út í fimm bindum, Sögu Útgerðarfélag Akureyringa og Sögu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Saga Einingar-löðu á að vera yfirlit yfir sögu félagsins og forvera þess og þau málefni sem unnið hefur verið að frá árinu 1894 til og með árinu 2004. Fjallað verður um tilurð, þróun og skipulag Einingar-löðu og forvera félagsins en megináhersla verður lögð á lífskjör fólks, lífshætti, viðhorf og félagslegar aðstæður, og hvernig þessir þættir tengjast starfssemi og baráttu Einingar-löðu og verkalýðshreyfingarinnar.

Mikil tímamót

„Þetta eru mikil tímamót,“ sagði Björn. „Kveikjan að þessu núna var málþing sem við höldum síðastliðinn vetur af tilefni 100 ára afmæli Jóns Ingimarssonar, fyrrum formanns löðu félags verksmiðjufólks. Þar var meðal annars verið að rífa upp söguna og margir sem töluðu um hversu mikils virði það væri að halda í söguna fyrir komandi kynslóðir. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi umræða hefur átt sér stað en nú er búið að ganga frá samningi um ritun sögunar og fagna ég því. Stjórnin væntir mikils af þessu samstarfi við Jón þar sem hann þekk-



ir vel til allra aðstæðna og sögu hreyfingarinnar á svæðinu.”

Heimildirnar liggja víða

„Þetta er búið að vera áhugamál hjá mér í langan tíma og oft borist í tal á milli mín og áhugasamra um að þessi saga þyrfti að vera til á prenti,“ sagði Jón að lokinni undirritun. Aðspurður um heimildaöflun sagði Jón að félagið ætti fundargerðarbækur svo að segja frá upphafi sem komnar eru á Héraðs-

skjalasafnið. „Á safninu er líka til heilmikið af gögnum frá félaginu sem nýttist vel. Það er góð klásúla í samningnum sem segir að saga félagsins verði í og með atvinnusaga Eyja-fjarðarsvæðisins á þessu tímabili, saga samfélagsins og að einhverju leyti saga þjóðar. Þetta er allt samtvinnað þannig að heimildirnar liggja mjög víða. Svo langar mig líka til þess að ná á fólki sem þekkti fólk. Ekki síst til að kynnst heimilum og aðstæðum, eitthvað sem er horfið í dag. Við ætlum að hafa mikið af myndum í bókinni og það væri gaman ef við fyndum myndir sem ekki hafa verið prentaðar áður. Þá er ég að tala um gamlar tækifærismyndir sem jafnvel sýna óvart það sem á þeim er.”

Ritnefnd skipuð

Félagið hefur skipað ritnefnd verksins. Í henni sitja Bragi V. Bergmann, almannatengill og ráðgjafi, og er hann formaður nefndarinnar, Þorsteinn E. Arnórsson og Sigrún Lárusdóttir, starfsmenn Einingar-löðu. Nefndin skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Á þeim fundum mun Jón leggja fram skýrslu um framvindu verksins og gera grein fyrir áætlunum næstu mánaða.

**Ef einhver býr yfir minningar-
brotum sem tengjast sögunni
þá er sá hinn sami hvattur til að
hafa samband við Jón.**

**Hægt er að senda tölvupóst á
netfangið jonhjalta@simnet.is eða
hringja í síma 862 6515.**

**Sömu leiðis ef einhver á gamlar
myndir þá er hægt að senda póst á
Þorsteinn á netfangið steini@ein.is
eða hringja í síma 460 3600
og biðja um Steina.**



SPARISJÓÐURINN
Siglufirði

Óskum viðskiptarinum nær og fjar gleðilegra jóla og farsæls nýs árs



Andabringur og humar – nammi, nammi, nammi!

Í ár fengum við Maríu Bergvinsdóttur matreiðslumeistara til að gefa lesendum blaðsins hátíðaruppskriftir. María sér um mótuneytið í Fjölsmiðjunni, en þar borða starfsmenn Fjölsmiðjunnar morgunverð og hádegisverð. Þar geta einnig aðrir fengið keyptan mat alla virka daga í hádeginu og eru fjölmargir sem það gera. Á heimasíðu Fjölsmiðjunnar, www.fjolsmidjan.com, má finna matseðil hverrar viku fyrir sig. Nauðsynlegt er að hringja í síma 414 9380 eða senda tölvupóst á netfangið maria@fjolsmidjan.com deginum áður eða fyrr og láta vita hversu margir ætla að koma í mat upp á innkaup hjá þeim. Verð máltíðar er kr. 1.200 en einnig er hægt að fá 10 miða kort sem kostar kr. 11.000.

Andabringur með apríkósusósu (fyrir 4)

4 andabringur

Salt og pipar

Apríkósu marmelaði frá Dalfour (minni sykur)

Anda og hænsnakraftur frá OSKAR,

svörtu litlu dósirnar.

Skolið bringurnar og hreinsið himnur af, ekki þó fituna. Skerið djúpar rendur í fituna á kjötinu þannig að hnífurinn risti aðeins í kjötið. Brúnið öndina á heitri pönnu með fituhliðinni niður fyrst og svo stutt á hinni hliðinni. Kryddið með maldon salti og svörtum pipar.

Því næst eru bringurnar settar í eldfast mót. Setjið 2 til 3 dl af vatni í mótið, sem nær aðeins uppá bringurnar. Anda-og kjúklingakraftur settur út í, ca 1 tsk af hvoru. Setjið apríkósumarmelaði ofan á fituna á öndinni og bakið í ofni við 120° í 30 mín. Kjarnhiti er 55 gráður þá er hækkað á ofninum upp í 200 gráður og bringan látin brúnast aðeins með marmelaðinu, ca 10 mín. Þá er öndin tekin út og látin standa í smástund undir álpappír meðan sósan er gerð.

Sósa

2dl soð úr forminu sett í pott.

1 dl af vatni bætt út í.

2 dl af appelsínu trópi.

Smá af ferskri rifinni engifer

1 msk apríkósumarmelaði frá Dalfour (minni sykur).

1 tsk andakraftur frá OSKAR.



María Bergvinsdóttir matreiðslumeistari.

1 tsk hænsnakraftur frá OSKAR.

Salt og pipar.

1 peli rjómi, (1/4 líter) smakkið til með kryddinu.

Þykkt smá saman með ljósum sósujafnara.

Sósulitur eftir smekk, en hún er fallegri ljós. Þá er smá apríkósulitur á henni.

Stórar flysjaðar kartöflur skornar í tvennt, skorið niður í þær raufar og penslaðar með olíu, maldonsalti og grófum svörum pipar stráð yfir. Steiktar í ofni við 170 gráður í 40 mín.

Með þessu er gott að hafa ferskt salat með vínberjum og eplum eða eplasalat.

Humar

í rjómahvítvínssósu
(Forréttur fyrir 6)

1 kg humar í skel (millistór, yfirleitt 18-20 stk)

1 msk paprikuduft.

1 msk sítrónupipar.

Sósa

1 stk sítróna.

2 stk paprika skorin í bita (gul og rauð).

¼ blaðlaukur skorinn í sneiðar.

150 gr sveppir skornir í sneiðar.

1 msk hænsnakraftur Oskar.

1 msk fiskikraftur Oskar.

2 geirar ferskur hvítlaukur, má vera meira.

2 dl hvítvín. (mysa)

½ líter rjómi / rjómaostur líka

ef fólk vill 2-3 msk.

Ljós sósujafnari eftir smekk, sósan þykkar líka af rjómanum.

Humarinn er settur í vatn og látinn þjóna til hálf. Það er best að hreinsa hann meðan það er aðeins frost í honum, hann er klofinn eftir endilöngu og sandrákin tekin úr.

Lagður á skelina í ofnskúffu, það er betra að krydda hann þannig. Paprikudufti og sítrónupipar er stráð yfir humarinn, smjörlíki sett á pönnuna og humarinn snöggsteiktur, sárið látið snúa niður, tekin af pönnunni og geymdur í skál. Það má líka steikja hann uppúr hvítlauksolíu.

Þegar búið er að steikja allan humarinn þá er skorna grænmetið sett á pönnuna, sveppirnir fyrst síðan paprika og laukurinn og hvítlaukurinn steikt í smá stund. Hvítvíni hellt út á og látið sjóða aðeins niður. Að lokun er rjómanum / rjómaostinum bætt úti. Kryddað eftir smekk með fiskikrafti, hænsnakrafti og sítrónusafa úr ½ ferskri sítrónu (2 msk). Að lokum þykkt með sósujafnara.

Humarinn og soðið sem er í skálinni sett út í pönnuna. Passa að sjóða ekki of lengi, bara 3 til 5 mín. og hræra á meðan.

Borið fram með hrísgrjónum og ristuðu brauði. Hafa nóg af sósu. Vatn í litilli skál með sítrónubáti sett við hliðina á hverjum disk og tauservéttur eða þvottastykki því þetta er eiginlega fingramatur: Gott er að sjúga skelina.

Verði ykkur að góðu.

capacent

Ferð um suðurland, Vestmannaeyjar og Þórsmörk 18. til 21. júní 2013



Ferðin hófst á planinu við Alpýðuhúsið, stundvíslega klukkan níu að vanda. Ekið var sem leið lá um Hörgár- og Öxnadal, þar sem Inga Rósa leiðsögumaður byrjaði fljótt að skemmta okkur af sinni alkunnu snilld. Bæði með fróðleik og skemmtiefni. Smá stopp í Varmahlíð áður en haldið var á Kjalveg. Stansað var á Áfangafelli við Blöndulón þar sem teknar voru myndir. Þaðan var haldið í Hveravelli þar sem borðað var nesti í kulda, trekk og rigningu. Húsið rúmaði ekki alla svo að nokkrir hímdu undir húsvegg með nestið sitt. Sólin glennti sig samt svolítið í restina þannig að það var hægt að taka smá myndarölt um svæðið.

Frá Hveravöllum var áfram haldið suður Kjöl og enn var þokan og rigningin að stríða okkur, þannig að fjalla- og jöklasýn naut sín ekki. Inga Rósa var dugleg að segja okkur sögur af Reynistaðabræðrum og fleira sem gerst hafði á þessari leið þar sem lítið var að sjá. Í Valagili var stoppað til að nærast því að Bjössu var svo svangur. Hann gat ekki beðið þangað til við Gullfoss, sem var næsti áfangastaður. Fossinn

er alltaf fallegur en þó vantaði gullna litinn af sólinni. Við litum inn á veitingastaðinn og verslunina en lítið verslað því dýrt var drottins orðið. Frá Gullfossi var haldið að Geysi, hann hagg-aðist náttúrliga ekkert en Strokkur tók nokkrar gusur fyrir okkur. Enn var súld. Þá lá leið okkar í Skálholt þar sem kirkjan var skoðuð sem og fornminjar í kjallara hennar sem fæst okkar höfðu séð. Inga Rósa var eitthvað dásamlega utan við sig, gönguskórnir urðu nefnilega eftir í Reykjavík og matarkistan hennar fór með morgunvélinni til Akureyrar og kaffivélinni til Reykjavíkur en elskulegur eiginmaður hennar safnaði saman þjónkum hennar og beið okkar við gatnamótin þegar við komum niður á þjóðveg eitt. Ekki gat hún verið skó- og nestislaus.

Næst var haldið um Hellu og á Hvolsvöll, tekið smá stopp fyrir þá sem vildu komast í verslun þar sem ákveðið var að fresta grillinu til fimmtudags. Flestir borðuðu bara nestið sitt þegar komið var í náttstað að Heimalandi, þar sem gist var í þrjár nætur. Finn staður, öll aðstaða til fyrirmyndar miðað við svefnþoka-pláss. Allir komnir í ró fyrir kl. 22:00, fyrir utan nokkra nátthrafa.

Dagur 2

Ræs kl 6.30 og brottför frá náttstað kl. 8:45. Haldið til Landeyjahafnar og var farið að sjást aðeins til sólar þegar þangað var komið. Herjólfur lagði frá bryggju kl 10:00 og var siglt í blíðskaparveðri til Eyja. Það var orðið vel sólríkt þegar við komum þangað. Fyrsta verk var að þvo bílrúðurnar svo að eyjamenn gætu séð þetta fallega fólk sem komið var í heimsókn. Því næst var farið á Skansinn og kíkt á virkið og fallbyssuna, stafkirkjuna og Landlist, sem var í upphafi fæðingarheimili sem barist var fyrir að fá vegna óvenju mikils ung barna-dauða. Jæja, þá er maður búin að heimsækja Herjólfssdal, að vísu ekki á þjóðhátíð. Ekki er hann nú stór. Skoðuðum framkvæmdir að safni sem verið er að byggja utan um uppgrafið hús.

Hluti af hópnum fór í siglingu og var endað inn í Sönghelli þar sem hlustað var á yndislegan lúðrablástur. Aðrir fóru í búðaráp og kíktu á söfn. Ekið var framhjá óðalinu hans Árna Jonsen og grjótinu sem hann framleiddi í framhaldsnáminu á Kvíabryggju. Næst var útsýnisferð á Stórhöfða, þar sem var algjört logn og því drifið í að taka hópmynd. Allir



fundu sér einhvern matsölustað svo ekki þyrfti að að atast í matarstússi þegar komið var í náttstað. Við fengum gott í sjöinn á heimleið og vorum komin í Heimaland kl 21:30. Við sátum og spjölluðum um stund, en allir voru komnir í ró fyrir miðnætti.

Dagur 3

Kl. 7:00 byrjaði fólk að tínast á fætur og undirbúa sig fyrir daginn. Lagt af stað kl. 8:40 og farið að Seljalandsfossi þar sem nokkrir gengu á bakvið hann. Þaðan var haldið samhliða Markarfljótinu í átt að Þjörðárdal, en stoppað var við Stakkholtsgjá. Þar fór stór hluti hópsins gangandi inn gjána sem er mjög mikilfengleg og þurfti hópurinn að fara margsinnis yfir ána. Þeir sem ekki treystu sér með sóluðu sig á meðan. Úr gjánni var farið inni Bása, en Útivist er með það svæði. Þar höfðum við nestisstopp en varla vorum við búin að opna skrírnar þegar flóðgáttir himins opnuðust yfir okkur

með hagli og síðan rigningu svo að matast var á miklum hraða.

Úr Básum var haldið yfir Krossá, sem var bara rölyndisleg þann daginn. Í Langadal rigndi en stór hluti af hópnum lét það ekki á sig fá og gekk yfir í Húsadal og þeir duglegustu gengu líka á Valahnúkin. Þeir sem ekki vildu ganga fóru með Svenna og Maddý í rólegheitum yfir í Húsadal til að sækja göngugarpana. Úr Þórsmörk var farið um Fljótshlíð, Inga Rósa sýndi okkur leifar af gömlum birkiskógi, Drumbabót, sem er niður á söndunum í Fljótshlíðinni. Þð var komið við á Hvolsvelli og svo farið í Heimaland. Þar var tekið til við að grilla og var matnum gerð mjög góð skil að vanda. Svo var setið og spjallað fram á kvöld, mikið fjör og gaman.

Dagur 4

Heimaland kvatt eftir notalega dvöl. Fyrsti áfangi var Selfoss þar sem ein samferðakonan

kvaddi hópinn. Litið var í bakarí staðarins og fengið sér kaffi og með því. Þaðan haldið til Þingvalla um Grímsnesið, tekinn var góður tími á Þingvöllum og gengið um gjána að Þingpöllunum, Drekkingshyl og að Flosagjá þar sem Maddý og Sveinn biðu okkar. Frá Þingvöllum var haldið á Uxahryggjaleið og niður Lunda-reykjadal. Smá stopp var í Deildartungu til að skoða hverinn, allir komu til baka í rútuna vel byrgir af tómötum. Við Baulu var gert postulíns- og ísstopp. Þaðan var haldið norður yfir Holtavörðuheidi þar sem Inga Rósa rakti átaka- og hörmungarsögu Agnesar og Natans Ketilsonar, og ýmsan annan fróðleik. Síðasta stopp var tekið á Blönduósi áður en ekið var heim í Eyjafjörðinn fagra þar sem ferðin endaði á sama stað og hún byrjaði. Allir voru kvaddir með virktum og segjum við takk fyrir enn eina góða ferðina.

Magga og Alla.

Þú færð
hörðu pakkana
hjá Advania

Verið velkomin í verslun okkar
að Tryggvabraut 10, Akureyri
www.advania.is



Tvö góð þing voru haldin í október

Í október voru haldin tvö þing innan verkalyðshreyfingarinnar. Alþýðusamband Norðurlands (AN) hélt sitt reglulega þing á Illugastöðum dagana 4. og 5. október sl. Nokkrum dögum síðar var fjórða ársþing Starfsgreinasambandsins (SGS) haldið í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri. Eining-löja átti að sjálfsögðu fulltrúa á báðum þingunum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum þingum.

Þing AN

Á 33. þing Alþýðusambands Norðurlands mættu tæplega 100 þingfulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi. Eining-löja átti rétt á að senda 62 fulltrúa, en mikil forföll urðu í þeirra hópi og því mættu einungis 42 fulltrúar frá Einingu-löju. Mikill samhugur og samstaða var á þinginu og voru kjaramál ofarlega á baugi enda var á þessum tíma stutt þangað til kjarasamningar myndu renna út. Tvær ályktanir voru samþykktar, önnur fjallar um efnahags-, kjar- og atvinnumál og hin um flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Þessar ályktanir má finna á www.ein.is



AN þing: Tæplega 100 þingfulltrúar mættu á þingið, þar af 42 félagsmenn Einingar-löju.

Fjöldmargir gestir sátu þingið og fluttu fróðleg og góð erindi. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, átti að ávarpa þingheim við setningu en hann forfallaðist á síðustu stundu. Formaður Starfsgreinasambandsins, formaður Landssambands Verslunarmanna, varaformaður Samiðnar og varaformaður Sjómannasambands Íslands voru meðal þingfulltrúa og voru fengin til að fara yfir stöðuna fyrir hvert samband fyrir sig. Samhljómur var um stutta samninga og öll brýndu þau til samstöðu og haft var á orði að ef samhugurinn sem ríkir á Norðurlandi væri meðal allrar verkalyðshreyfingarinnar gæti okkur orðið vel ágengt í næstu kjarasamningum. Eftir hádegi flutti Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, erindið Laun og önnur lífsgæði. Ingiberg Guðmundsson, frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, fór yfir stöðuna í atvinnumálum á Norðvesturlandi og Þorsteinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri STARFS, fór yfir reynsluna af atvinnumiðlun STARFS.

Nýr formaður AN til næstu tveggja ára var kosinn Eiður Stefánsson, varformaður FVSA. Varaformaður stjórnar var kosin Aðalbjörg Valdimarsdóttir frá Samstöðu og ritari stjórnar er Agnes Einarsdóttir frá Framsýn. Varamenn í stjórn eru Hjördís Gunnarsdóttir, Aldan – stéttarfélag, Huld Aðalbjarnardóttir, Framsýn – stéttarfélag, og Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður Félags málmíðnaðarmanna Akureyri.



Á myndinni má sjá nýja stjórn AN ásamt varamönnum: F.v.: Huld Aðalbjarnardóttir, Jóhann Rúnar Sigurðsson, Aðalbjörg Valdimarsdóttir, Eiður Stefánsson, Agnes Einarsdóttir og Hjördís Gunnarsdóttir

Þing SGS

Fjórða þing SGS var haldið undir yfirskriftinni „Samstaða og Samvinna“ og var það mál þingfulltrúa að sá andi hafi verið á þinginu. Um 140 þingfulltrúar frá 19 aðildarfélögum sátu þingið, þar af komu 12 frá Einingu-löju. Á þinginu var m.a. fjallað um kjaramál í aðdraganda kjarasamninga, atvinnumál almennt, húsnæðismál og fleira. Björn Snæbjörnsson, formaður SGS og Einingar-löju, sagði m.a. í setningarræðu sinni „að þessu sinni höldum við þing okkar undir slagorðinu „Samstaða og samvinna“ til að minna á mikilvægi þess að við stöndum saman í yfirstandandi kjaraviðræðum. Samstaða og samvinna er einnig hornsteinn Starfsgreinasambandsins, sem er og á að vera, vettvangur sameiginlegrar kjarabaráttu, samtök með meira afl en einstök félög geta haft, til að mynda þann slagkraft sem nauðsynlegur er í baráttu við atvinnurekendur og ríkisvald.“ Setningarræðuna í heild má finna á vef félagsins, www.ein.is

Á þinginu voru samþykktar fjórar ályktanir; um kjaramál, atvinnumál, húsnæðismál og ríkisfjármál og má finna þær á vef félagsins ásamt starfsáætlun til tveggja ára og fræðslustefnu sambandsins sem einnig voru samþykktar.

Í lok þings var Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, endurkjörinn formaður sambandsins og Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, formaður ALFs starfsgreinafélags, endurkjörin varaformaður SGS með lófaklappi.



SGS þing: Hér má sjá þá 12 félagsmenn Einingar-löju sem sátu þing SGS.

Vegleg gjöf til hjálparsamtaka í Eyjafirði

Sjö stéttarfélag í Eyjafirði afhentu í síðustu viku Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Rauða krossinum styrk að upphæð kr. 1.920.000.

Styrkurinn verður notaður í samstarfsverkefni Mæðrastyrksnefndar Akureyrar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins og Rauða krossins. Samstarfið var sett á laggimar til að einfalda málið, en nú þarf einungis að sækja um aðstoð á einum stað. Rétt er að vekja athygli á því að þessir aðilar aðstoða fólk um allan Eyjafjörð, frá Siglufirði að Grenivík.

Þetta er í annað sinn sem þessi samtök taka höndum saman fyrir jólin og veita þeim aðstoð sem þurfa. Í fyrra var ákveðið að vinna saman að jólaaðstoðinni og gafst það samstarf það vel að ákveðið var að endurtaka leikinn og í lok október var undirritaður samstarfssamningur til næstu þriggja ára. Í fyrra var úthlutað 303 styrkjum í formi greiðslukorta sem hægt var að versla fyrir í ákveðnum verslunum.

Jólaaðstoðin hófst 18. nóvember sl. með viðtölum, en allir sem sóttu um aðstoð þurftu að panta tíma í viðtal og fylla út umsókn. Þeir sem fá úthlutun sækja kortin sín miðvikudaginn 11. og fimmtudaginn 12. desember nk. milli kl. 13 og 16. Auk þess verður fatamarkaður og jólagjafir fyrir umsækjendur og fjölskyldur þeirra opinn föstudaginn 14. desember hjá Rauða krossinum á Akureyri, Viðjúlundi 2 og Hertex Hjálpræðishersins, Hrísalundi 1b.

Félagin sjö sem færðu nefndinni styrk eru Eining-löjla, Byggið – Félag byggingamanna, Félag málmíðnaðarmanna Akureyrar, Félag verslunar- og



Á myndinni eru forsvarsmenn nokkurra stéttarféлага sem veittu styrkinn og félaganna fjögurra sem hann fengu.

skrifstofufólks Akureyrar og nágrenni, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar og Berg félag stjórnenda.

Ef einhverjir fleiri vilja leggja áttakinn lið þá er hægt að leggja inn á reikning verkefnisins, (0302-13-175063, kt. 460577-0209) Munið, margt smátt gerir eitt stórt.



„Stolt af afreikum mínum“

Á heimasíðu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs má finna reynslusögur einstaklinga sem verið hafa í þjónustu. Nýlega birtist þar viðtal sem Guðrún Guðlaugsdóttir blaðamaður hjá VIRK tók við Eygló Sigurðardóttur. Í júní 2012 leitaði Eygló samstarfs við ráðgjafa VIRK í kjölfar erfiðra veikinda. Hún er Snæfellingur að ætt-erni en býr nú á Akureyri, þar sem hún stundaði sjúkraliðanám í tvö ár í Verkmenntaskóla Akureyrar.

Í lok viðtalsins segir Eygló, „Ráðgjafinn minn studdi mig mjög vel og ég væri ekki í þeim sporum sem ég er nú, ef starfssemi VIRK og Starfsendurhæfingar Norðurlands hefði ekki notið við. Ég hef í raun náð öllum markmiðum sem ég setti mér í ferlinu. Mitt persónulega markmið er þó enn óuppfyllt. Ég vil fá vinnu sem sjúkraliði til að geta útskrifast, en það er ekki mikið í boði á því sviði. Mér bauðst hinsvegar vinnan í Lundaskóla sem ég þáði með þökkum og gengur vel að sinna.

Ég er nú útskrifuð frá VIRK og Starfsendurhæfingu Norðurlands og er einstaklega þakklát fyrir það góða starf sem þar er unnið af yndislegu fólki. Ég er og verð ávallt mjög þakklát fyrir að hafa kynnst því. Með þess hjálp get ég verið fullkomlega sátt og ánægð með aðstæður mínar í dag.“

Viðtalið í heild má lesa á www.virk.is

Göngu- og útivistarfólk

Umfar ehf. er sérhæft leiðsöguvyrirtæki á suðurluta Vestfjarða.

Fjölbreytt framboð á leiðavali fyrir gönguhópa.

Út, út, út að ganga...

Skoðið framboð okkar á umfar.is
eða hafið samband í síma 892 9227



Gleðileg jól
Gott og farsælt komandi ferðarár!



Menning · Saga · Náttúra

Jólatré

Þegar ég var beðin um að vera með smá jólaföndur í blaðinu velti ég því fyrir mér hvað væri sniðugt að gera. Hvað væri auðvelt, ódýrt en flott. Það væri líka kostur ef það krefðist þess ekki að fólk þyrfti aðgang að verkstæði jólasveinanna til að framkvæma hlutinn. Eftir nokkrar andvökunætur kviknaði hugmyndin. Það er alveg merkilega erfitt að láta sér detta svona einfaldir hlutir í hug. Að búa til kramarhús er ekki ný hugmynd, og því síður er það mín uppfinning, aldeilis ekki. Kramarhús hafa verið föndruð fyrir jólin í áratugi og notuð til

skreytinga. Það sem gerir þetta skemmtilegt í dag er allt það efnisúrval sem er í boði. Hlaðnar hillur af dásamlegum pappír í allskyns munstrum og áferðum fá mig til að kikna í hnjónum. Möguleikarnir eru endalausir. Pappír er mjög meðfærilegt efni að vinna með. Það þarf ekki endilega að vera „drasl“.

Ég útbjó sýnikennslu á einu trénu, þessu flóknasta. Svo byrjaði ég að prufa mig áfram og áður en ég vissi af var ég búin að fylla stofuna af jólatrjám, það er svo gaman að stilla þessum elskum upp. Það er hægt að setja þau með öllu.



Sýnikennslan:

1. Klippið út $\frac{1}{4}$ úr hring til að gera keilu. Lengdin á beinu hliðinni verður hæðin á trénu. Þetta tré er 21 cm. eða eins stórt og hægt er að gera úr A4 blaði.
2. Mótið keiluna með því að rúlla pappírnum í höndunum svo hann verði mýkri og meðfærilegri.
3. Setjið lím á kantinn og límið saman. Ég notaði tvöfalt límband, en það má alveg nota fljótandi lím, heita límbyssu eða jafnvel heftara.
4. Lím er missterkt, svo ef það mun ekki sjást þá er gott að setja 1-2 hefti til öryggis. Þá er keilan tilbúin til skreytingar.
5. Til að skreyta þessa keilu gerði ég slatta af litlum blómum með munsturgata.
6. Svo að blómin verði aðeins meira lifandi en ekki alveg flöt þá er gott að beygja aðeins blóðin á þeim. Já nei, ég er ekki að rugla í ykkur, það þarf ekki að krulla upp eitt og eitt blað í einu. Ég sópaði bara upp smá bunka af blómum, ca. 5-10 stykkjum og beygði þau öll saman. Það eru til sérstakir "hnífar" úr beini í svona verkefni, en það má líka bara nota, bitlausan hníf, reglustiku eða íspinnaspýtu.
7. Þá er að líma öll sætu blómin á, fjúff! Eitt, tvö, þrjú..... ég kveið þínu fyrir þessari aðgerð en þetta gekk síðan svona líka vel með því að setja bara nokkrar doppur af lími og klessa svo blómum í.
8. Jibbý! Hálfnuð! Neinei, þetta tók enga stund. Mér finnst þetta lím mjög gott því það er svo fljótt að þorna, en auðvitað er hægt að nota allskonar lím sem límir pappír.
9. Ég elska þessa perlupenna! Þeir eru alveg uppáhalds og gera allt svo fallegt! Maður sprautar bara litla punkta, dúbb, dúbb, dúbb, og hamingjan færst yfir.
10. Taddaraaa! Litla sæta tréð er tilbúið. Punkturinn yfir i-ið var að festa eina rauða glerperlu á toppinn með tituprjóni.



Þessir krúttboltar voru fyrsta hugmyndin, einskonar skissuvinnna. 3 arkir af pappír með ólíku munstri en í sömu litatönnum. Hæðin er á bilinu 20-30 cm. Trén eru misbreið, þessi eru á bilinu 7-10 cm. Það er hægt að kaupa munstraðan pappír í stærðinni 30x30 cm í flestum föndurverslunum. Svo má alltaf nota umbúðapappír. Snjókornin á toppnum eru klippt út með stórum munsturgata. Það mætti líka hekla snjókorn eða kaupa eitthvað tilbúið skraut. Fæturnir á trjánum eru glös sem ég setti trén ofan á. Það gerir þau tignarlegri.



Þarna er svo dúllega sýnikennslutréd búið planta sér hjá kökudisknum mínum með dásamlega fallega hreindýrinu sem ég fékk í jólagjöf í fyrra. Ég skellti trénu á glas til að hækka það. Síðan gerði ég eitt lítið tré (16x6cm) svona því til samlætis. Það er ekkert skraut á því, mér fannst pappírinn alveg sjá um að skreyta það.



Það vill svo til að ég á nokkur jólatré því ég er svolítið veik fyrir fallegum jólatrjám... og hreindýrum... en þetta stóra þarna er eitt af mínum uppáhalds. Ég keypti það fyrir nokkrum árum, en það er í raun ekki mikið mál að búa það til. Það er nefnilega bara pappakeila sem búið er að líma hvítar fjaðrir utan á og nokkar perlur. Til að gera það þarf maður að byrja neðst og halda upp, ég mæli með límbyssu í verkið. Silfurlitaða tréd (30x8 cm) er úr glimmerpappír. Ég elska glimmer, á öllu, allstaðar. Utan um það er svo bara vafið móher garni. Endarnir eru límdir inni keilunni. Svo fékk eitt af skissutrjánnum að fljóta með í þessa uppstillingu.



Hér er önnur mynd af fjaðratrénu og hreindýrinu fallega. Þau myndast bara svo vel. Mér finnst svo gaman að sýna hvernig hægt að raða trjánum misjafnt upp, þau passa í raun flest saman. Litla rauða tréd gefur skemmtilegan lit í uppstillinguna og í AÐAL jólalitnum (eða svo segir maðurinn minn). En AÐAL númerið á þessari mynd er samt langa mjóa

silfurtréd (30x5 cm.) Það er úr dýrðlegum umbúðapappír sem ég átti síðan í fyrra. Ég límdi svo þessa guðdómlegu blundu neðan á það og setti það ofan á kertastjaka. Glæsilegt.



Á þessu stigi var ég komin í ham. Stóra tréd (30x9 cm) er úr pappír sem er eins og úr gamalli bók. Á toppinn setti ég gamla tölu úr tölu-boxi sem amma mín gaf mér, fjársjóður! Þessi tala er með svona lykkju aftan á, alveg einstaklega heppilegt til að stinga toppnum í gegnum. Litla tréd (15x7.5 cm.) er líka úr glimmerpappír og eina sem ég gerði var að líma blundu utan um það og setja það á kertastjaka. Fremsta tréd (20x7 cm.) er vafið með afgangi af reyrðu (litaskiptu) garni. Þetta er ullarblanda og er svo hlýlegt og vetrarlegt. Ég límdi nokkrar litlar silfurstjörnur á framhliðina, þegar jólin eru búin get ég snúið því við og haft það ennþá uppi. Stóra stjarnan er keypt og er í uppáhaldi, eins finnst mér sérstaklega gaman að stilla upp á bækur og ekki er það verra ef það eru gamlar ljóðabækur eftir afa.

Ég veit að ég á eftir að gera miklu fleiri tré. Þetta er einstaklega fljótlegt og gaman að raða saman litum og stærðum eftir því hvað hentar hverju sinni. Þetta gæti t.d. verið skemmtilegt vetrarborðskraut. Það væri hægt að nota veggfóðursafganga, pappírshringsservíettur, klæða keiluna með efni eða blúndum, skreyta með bómull, setja myndir á eða prenta út fallegar myndir og gera keiluna úr því og fleira og fleira. Svo þarf ekki að bæta miklu við til að snúa keilunni við og hengja upp sem kramarhús.

Jólakveðja,

Linda Óla,
föndurkerling, handverkskona,
myndlistamaður,
ogleiðbeinandi í handverki
eldri borgara á Akureyri.

Vertu listamaður í lífinu!



Erla Björg
Guðmundsdóttir.

Ég er ofsalega mikil listakona. Það vita það kannski ekki margir og allt listræna fólkið í fjölskyldunni minni er örugglega að velta fyrir sér hvernig þeir hafi farið að því í prentsmiðjunni að setja nafnið mitt við vitlausa grein í þetta fina blað. Það á sér allt eðlilegar skýringar. Ég hlaut takmarkaða listræna hæfileika í vöggugjöf (ég held ég hafi kannski látið engla gráta þegar ég hef á lífsleiðinni reynt að þroska og efla þá hæfileika) en ég er engu að síður listakona fram í fingurgóma.

Ég geri lista!

Ég hef gert marga lista í gegnum tíðina en þó er það svo að einn þessara lista er betri en allir hinir. Mikilvægasti listinn er 100 atriða listinn. Á 100 atriða listann setur maður 100 atriði sem mann langar til að framkvæma áður en ævi

manns er á enda. Það hljómar kannski ekki eins og merkilegt verkefni en mér er til efs að ég hafi í annan tíma stundað ítarlegri naflaskoðun en þegar við hjónin sátum (nokkur kvöld) og börðumst við að koma niður á blað þessum atriðum. Það er alger óþarfi að hafa svona lista í forgangsröð, eini galdurinn er að láta sér detta nógu margt í hug og þegar maður er svo algerlega tæmdur af góðum hugmyndum, líka sæmilegum og meira að segja frekar lélegum hugmyndum, er listinn tilbúinn. Að svo miklu leyti sem svona listi getur verið tilbúinn, því hann er að sjálf-sögðu í reglulegri endurskoðun.

Afhverju erum við ekki duglegri að taka okkur tíma og setja niður fyrir okkur hvað það er sem okkur langar að fá út úr lífinu? Við vitum að við eigum þetta líf og svo vitum við ekkert hvað tekur við að því loknu. Þýðir það ekki að okkur beri hálfpartinn skylda til að besta lífið? Nýta það eins og hægt er til að vaxa sem manneskur, lifa lífandi, njóta og búa til minningar? Robert Tjoe Nij er hollenskur sérfræðingur, sem ég sótti vinnustofu hjá í Rúmeníu. Hann sagði mér að það væri margsannað að við ofmetum það sem hægt er að gera á einu ári og vanmetum að sama skapi hvað hægt er að gera á tíu árum. Dagarnir koma til mín og mér sýnist þeir gera það hraðar eftir því sem ég eldist. Ég þarf ekki að vera sniðug að láta mér detta eitthvað í hug til að fylla upp í dauða tímenn. Ég þarf að vera útsjónarsöm, taka frá tíma og skipuleggja það sem mig dreymir um svo að ég verði ekki allt í einu búin með alla dagana í að passa að húsið mitt sé alltaf hreint, tröppurnar alltaf mokaðar, börnin mín alltaf með allt sem þau þurfa mögulega, með mannasiðina á hreinu og fjölskyldunni til sóma ...o.s.frv.

Á listanum mínum eru bæði lítil og stór atriði. Mér hefur

ekki ennþá tekist að fá 100 hugmyndir en ég bæti reglulega við listann og einstaka sinnum hefur það gerst að ég strika yfir eitthvað sem mig langar ekki lengur að gera. Að fara á hreindýraveiðar var á upprunalega listanum mínum. Ég fór á skotvopnanámskeið, eignaðist byssu, skaut aldrei af henni heldur seldi hana og notaði peningana til að kaupa mér ferðatösku þegar við fjölskyldan fórum til Asíu. Nú langar mig ekki lengur á hreindýraveiðar, nema þá sem gordrengur.

Á þeim fimm árum, sem liðin eru frá því að ég gerði listann hef ég nú þegar gert ótal margt, sem ég veit að ég væri ekki búin að framkvæma ef listinn væri ekki til. Ef ég hefði ekki skrifað hjá mér að mig langaði að læra að keyra mótórhjól hefði ég flett framhjá auglýsingunni um mótórhjólánámskeiðið í dagskránni án þess að velta því fyrir mér. Kannski hefði ég hugsað: „það væri nú gaman að gera þetta einhvern daginn“. Ég á ennþá eftir að synda fimm kílómetrana, læra nýtt tungumál, taka baðið í gegn, vera grænmetisæta í einn mánuð og ljúka mastersnámi svo fátt eitt sé nefnt en það er ekkert sem hastar, allt lífið er framundan og þegar tækifærin birtast veit ég í hvað ég vil nota þau.

Nú líður að jólum og um leið og ég óska ykkur gleðilegra jóla, hvet ég ykkur til að taka smá stund um hátíðirnar, kveikja á kerti og njóta kjötsvímans um leið og þið dragið fram blað og blýant og skrifið niður eins margar hugmyndir og þið getið að einhverju sem ykkur langar að framkvæma áður en dagarnir klárast. Geymið svo listana ykkar í náttborðinu og takið þá upp á jólum og/eða eftir þörfum til að merkja við þegar þið eruð búin að framkvæma eitthvað eða þegar þið viljið bæta við atriðum. Ég held það muni koma á óvart hversu erfitt er að láta sér hugkvæmast fleiri en 15 hugmyndir í senn og ekki síður hversu fljótt hleðst í reynslubankann okkar þegar listinn er til.

Fyrir alla þá sem leiðast listar, hvernar gerðar sem þeir kunna að vera, má alltaf njóta þess að kveikja í skrattans blaðinu sem hann hefði annars verið skrifaður á og horfa á verkefnið hverfa. Þá þarf samt vissulega að gæta fyllsta öryggis.

Ást og friður,

Erla Björg Guðmundsdóttir

Hefur þú lent í vinnuslysi? Kannaðu þinn rétt!

Alkunna er að slysin gera ekki boð á undan sér. Vinnuslys hafa oft á tíðum mikil áhrif á tjónþola sem jafnvel þurfa að vera lengi frá vinnu með tilheyrandi tekjuskurðingu. Því miður glíma margir við afleiðingar slíkra slysa lengi og jafnvel alla ævi. Launþegar á Íslandi eru tryggðir í vinnu sinni hjá vinnuveitanda og eiga því rétt á bótum frá tryggingafélagi hans. Þá eiga launþegar rétt á bótum vegna vinnuslysa úr almannatryggingakerfinu, skv. almennum reglum þar um. Í sumum tilvikum er um að ræða atvik sem aðrir bera ábyrgð á og gæti því reynt á reglur skaðabótaréttarins varðandi uppgjör bóta.

Afar mikilvægt er að þeir sem verða fyrir líkamstjóni, til dæmis í vinnuslysum, afli sér upplýsinga um réttarstöðu sína strax og unnt er og setji sig í samband við starfsmenn Einingar-löðu. Slík könnun þarf að fara af stað sem fyrst, bæði vegna þess að það er ekki einhlítt að bótaréttur sé fyrir hendi þó að slys verði, en ekki síður vegna þess að samkvæmt lögum ber að tilkynna um slys til viðkomandi tryggingafélags eða Sjúkratrygginga Íslands, innan árs frá því að þau verða.

Miklu skiptir því að staðan verði könnuð sem fyrst og að þeir félagsmenn Einingar-löðu sem lent hafa í vinnuslysum kanni rétt sinn svo fljótt sem unnt er með því að setja sig í samband við félagið.

Eining-löða býður félagsmönnum sínum uppá viðtal við lögmenn, sér að kostnaðarlausu og eru þeir félagsmenn sem lenda eða lent hafa í vinnuslysum hvattir til þess að setja sig í samband við félagið sem fyrst svo unnt verði að koma þeirra málum í réttan farveg og gæta réttar þeirra í hvívetna.

Eining-löða er með samning um lögfræðipjónustu fyrir félagsmenn við PACTA lögmenn Akureyri, Hafnarstræti 91-95, en lögmenn stofunnar hafa góða reynslu af vinnu við slysamál ýmiskonar.

Félagsmenn fá 15% afslátt

